



*Gedhjálp hefur kært nafnlausa bréfið í Hveragerði.*

## **Kært vegna nafnlausa bréfsins**

Gedhjálp hefur lagt fram kærnu vegna nafnlausa bréfsins sem borið var í hús í Hveragerði í síðustu viku. Gedhjálp óskar eftir því að ríkissaksóknari hlutist til um opinbera rannsókn á málinu. Í bréfinu, sem borið var í hús í Hveragerði og Ölfusi, kom fram óhróður um vistmenn á dvalarheimilinu Ási í Hveragerði.

Ingólfur H. Ingólfsson, framkvæmdastjóri Gedhjálpar, segir að í bréfinu sé að finna dylgjur og óhróður um gedsjúkt fólk. Ingólfur segir að ef rótin af þessum æsingaskrifum séu pólitískar deilur, þá vilji Gedhjálp brýna fyrir mönnum að sýna þá dómgreind að draga ekki inn í þær saklaust fólk og sjúklinga sem ekki geta borið hönd fyrir höfuð sér.

Gedhjálp vonast til þess að rannsókn leiði það í ljós hverjir séu upphafsmenn þessara skrifa svo ihuga megi málsókn gegn þeim.

— III